

# Barnaskólinn í Hafnarfirði



## Lögbundnir skóladagar nemenda og starfsdagar kennara

### Skóladagatal leik- og grunnskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla og kjarasamningum sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands skulu skóladagar nemenda í **grunnskóla** á hverju skólaári vera með eftirfarandi skilyrðum:

- Samtals **180 dagar** á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
- **Sérstakir starfsdagar** kennara á starfstíma nemenda eru **5** og skulu ákveðnir af skólustjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
- **Skertir dagar** nemenda eru allt að **10** og skulu ákveðnir af skólustjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
- **Sértækir starfsdagar** kennara utan starfstíma nemenda eru **8** og skulu ákveðnir af skólustjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
- **Frístundin** er lokuð alla rauða almanaks daga og í vetrarfrí í frístundaheimilum Hafnarfjarðarbæjar. Auk þess eru frístundaheimilum með **2** skipulagsdaga á hverju skólaári. Opið er allan daginn á skipulagsdögum og virka daga í páska- og jólafríi.

Samkvæmt kjarasamningum sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands skulu skóladagar nemenda í **leikskóla** vera með eftirfarandi skilyrðum:

- Samtals **5 starfsdagar** á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
- Sveitarfélag hefur heimild til að bæta við starfsdögum.

---

**Það er stefna Hjallastefnunnar að þjónusta fjölskyldur eins vel og unnt er og koma til móts við ólíkar þarfir. Ólíkt er hvort fjölskyldur hafi tæk á fríi þegar starfsdagar og vetrarfrí skólans stendur yfir. Viðmið Barnaskólans er að hafa eins fáa skerta daga og unnt er og frístund opna þegar vetrarfrí skólans fer fram án þess þó að skerða gæði starfsins.**

**Í Barnaskólanum skólaárið 2020 – 2021 hefur skipulagið samkvæmt samþykktu skóladagatali (skólaráð) verið eftirfarandi í grunnskólanum:**

- Samtals **180 dagar** á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
- **Sérstakir starfsdagar** kennara á starfstíma nemenda eru **5** og skulu ákveðnir af skólustjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. (Á haustönn var starfsdegi þann 16. október frestað sbr. tölvupóstur frá skólustýrum þann 8. október. Þann dag fór fram hefðbundið skólastarf).
- **Skertir dagar** nemenda samtals **4** (foreldraviðtöl 2 dagar – skólaþing og -slit 2 dagar)
- **Sértækir starfsdagar** kennara utan starfstíma nemenda eru **8** og skulu ákveðnir af skólustjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
- **Frístundin** nánast alltaf opin. Í vetrarfríum og á starfsdögum ásamt fleiri dögum. Lokuð einn skipulagsdag (sérstakur Covid skipulagsdagur 2. nóvember) og lokuð einn annan dag vegna mjög lítillar eftirspurnar (1-2 börn og foreldrar völdu að hafa þau í fríi þegar fjöldinn lá fyrir). Síðustu þrjú ár var frístund lokuð 2 daga í kringum jólahátíðina.

## Í Barnaskólanum hefur skipulagið skólaárið 2020 – 2021 verið eftirfarandi samkvæmt samþykktu leikskóladagatali (foreldrafélag) í leikskólanum:

- Samtals 5 starfsdagar á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Á haustönn er þó 1 dagur ónýttur (16. október sbr. fyrir grunnskólann). Þann dag fór fram hefðbundið leikskólastarf.

**Vegna covid var brugðist við aukinni þörf fjölskyldna fyrir sem minnstu raski á skólastarfi. Þá var starfsdagur leik- og grunnskólans auk frístundar færður til (engin dagsetning ákveðin v/covid). Hólfun skólans var einnig vel ígrunduð og starfsfólk skólans gekk einhuga í takt að virða hana. Allt gert sem í okkar valdi stóð til að draga úr líkum á því að smit gæti raskað opnun skólans.**

### Afrit af tölvupósti sem barst foreldrum/forráðafólki skólans þann 8. okt, 2020:

Kæru foreldrar/forráðafólk barna í Barnaskólanum.

Samkvæmt skóladagatali bæði leik- og grunnskólaeiningar er starfsdagur á dagskrá í komandi viku **föstudaginn 16. október**. Þessi dagur hefur verið helgaður sameiginlegri ráðstefnu allra Hjallastefnuskóla á landinu sem var blásin af fyrir tveimur vikum. Eftir þær fréttir stefndum við á að nýta starfsdaginn innanhúss til fræðslu og fundarhalds með öllu starfsfólki Barnaskólans. Um helgina dró svo heldur til tíðinda í þjóðfélaginu og við höfum stigið mörg skref til að tryggja sem best öryggi starfsfólks og barna án þess að komi til skerðingar á skólastarfinu.

Teljum við það skynsamlegt að hafa **hefðbundinn skóladag** þennan dag og máli okkur til stuðnings þá bárum við eftirfarandi tillögur og rök undir stjórnarmeðlimi foreldrafélags skólans (skólaráð hefur ekki formlega verið myndað):

- Fresta þessum starfsdegi um einhverjar vikur eða mánuði þar til höftum hefur verið létt og við getum boðið starfsfólkinu upp á innihaldsríka dagskrá og góða samverustund.
- Í versta falli yrði dagurinn nýttur sem auka starfsdagur á vormánuðum sem myndi þó koma sér betur en starfsdagur þar sem allir eru fastir í sitthvoru hólfunum.
- Ef af frestun starfsdagsins yrði þá yrði **16. október hefðbundinn skóladagur bæði á 5 ára og 6-9 ára kjörnum, með morgunfrístund, skólastarfi og síðdegisfrístund.**
- Tímarnir framundan eru afar ófyrirsjáanlegir svo við teljum það kost að geta boðið upp á auka dag með óskertri kennslu á þessum tímum sem óvíst er hvort verði gripið til skerðingar á skólastarfi líkt og á vormánuðum.
- Á hverju skólaári höfum við einungis tvo heila starfsdaga þar sem við náum saman starfsfólki á báðum skólastigunum (í ár 16. október 2020 og 25. maí 2021) og þar af einungis þennan þar sem allt starfsfólk hefur tök á að taka þátt þar sem frístund og eldhús er lokað.
- Líkt og fram kom í pósti til allra foreldra höfum við gengið svo langt að skipta skólanum í þrjú aðskilin sóttvarnarhólf þar sem enginn samgangur er á milli. Af því leiðir að starfsdagurinn í komandi viku nýtist okkur ekki eins og við hefðum kosið.
- Leikskólinn Hjalli hyggst halda þlani og funda með sýnu fólki á Zoom en þar sem Barnaskólinn fangar leikskólastig, grunnskólastig og frístundastarf þá er svo gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að geta átt slíkan dag, án hólfá, ef það verður mögulega hægt síðar.
- Fyrirkomulagið getur orðið til þess að systkini á milli húsa eru þá ekki fríi saman þennan eina föstudag en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, fæstir að fara eitthvað, þá teljum við það ekki óásættanlega stöðu fyrir fjölskyldur.

**Meiri hluti stjórnarmeðlima foreldrafélags Barnaskólans var sammála þessum tillögum og því er niðurstaðan sú að hefðbundinn skóladagur verður þann 16. okt næstkomandi. Við vonum einlæglega að þetta komi sér ekki illa fyrir fjölskyldur og sem flestir sjái það sem góðan kost að skólinn sé opinn þennan dag**